

## VATNAJÖKULSPJÓÐGARÐUR

### 43. stjórnarfundur haldinn að Kiðagili í Bárðardal þann 16. febrúar 2011

Mætt: Kristveig Sigurðardóttir, formaður, Rósa Björk Halldórsdóttir, varaformaður mætti á fundinn kl. 11.20, Böðvar Pétursson, Hjalti Þór Vignisson, Eydís Indriðadóttir, Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Magnús Hallgrímsson.

Einnig: Þórður Ólafsson, framkvæmdastjóri.

Hjalti ritar fundargerð.

Kristveig bauð fundarmenn velkomna. Gengið til dagskrár kl. 9.50.

#### 1. Samþykkt dagskrár

Kristveig óskaði eftir að bæta við lið á dagskrá umræðu um aðkomu þjóðgarðsvarða og svæðisráða á fundi stjórnar.

Ingólfur lagði til að stefnumörkun um innri starfsemi yrði gerð að sér lið.

#### 2. Samþykki og undirritun fundargerða stjórnarfundna

Fundargerðir 39., 40., 41., og 42. fundar samþykktar og undirritaðar eftir því sem við átti.

#### 3. Rekstrarmál 2010

Þórður kynnti uppgjör ársins 2010. Afgangur er af rekstri upp á 1,5 m.kr.

#### 4. Rekstrarmál 2011

Þórður kynnti helstu forsendur rekstraráætlunar og áætlun fyrir árið 2011. Stjórn samþykkir áætlunina fyrir sitt leyti.

Stjórn bendir á að sértekjur garðsins hafa vaxið úr 38 m.kr árið 2008 í 114 m.kr. árið 2010. Á sama tíma hafa framlög á fjárlögum til garðsins vaxið úr 144 m.kr. í 198 m.kr. Uppbygging og rekstur garðsins hefur því ekki síður orðið vegna aukinna sértekna en fjárheimilda á fjárlögum.

#### 5. Fundur með svæðisráði Norðursvæðis

Soffía Helgadóttir og Friðrika Sigurgeirsdóttir úr svæðisráði Norðursvæðis og Hjörleifur Finnsson þjóðgarðsvörður mættu á fundinn kl. 11.00.

Kristveig bauð fólk velkomið.

Undir þessum lið var rætt um stefnumótun um innra starf þjóðgarðsins og samvinnu stjórnar, svæðisráða og starfsmanna. Einnig rætt um mikilvægi góðra samgangna, til dæmis við Dettifoss. Jafnframt rætt um mikilvægi merkinga.

Soffía vék af fundi kl. 12.30

Hjörleifur kynnti starfsemi á svæðinu árið 2010 og sagði frá Fálkasetri og kynningarfundum Norðursvæðis.

Hjörleifur og Friðrika véku af fundi kl. 13.45.

#### 6. Framkvæmdamál 2011

Þórður greindi frá því að í stjórnunar- og verndaráætlun segir að gera skuli aðgerðaáætlun á grunni hennar. Sagði hann frá vinnu starfsmanna garðsins við að móta aðgerðaráætlun og búið væri að funda með öllum svæðisráðum nema á Norðursvæði. Lagði fram drög að aðgerðaáætlun dags. 14. febrúar 2011.

Pá sagði Þórður að framkvæmdaáætlun hvers árs yrði unnin á grunni aðgerðaáætlunar auk áherslna stjórnar og svæðisráða á hverju ári.

Stjórn fagnar vinnu við gerð aðgerðaáætlunarinnar.

Lögð fram drög að framkvæmdaáætlun dags. 15. febrúar 2011. Stjórn samþykkir áætlunina með áorðnum breytingum. Bööðvar leggur áherslu á að endurbótum við Dettifoss verði lokið sem fyrst, og stefna skuli að því að ljúka við framkvæmdir 15. júní en eigi síðar en 1. júlí.

Rósa lagði til að gjaldtaka innan þjóðgarðsins verði tekin fyrir sem sér liður á næsta fundi.

## **7. Stjórnunar- og verndaráætlun**

Kristveig fór yfir hugmyndir um kynningu á stjórnunar- og verndaráætlun.

## **8. Stefnumörkun á innri starfsemi**

Stjórn ræddi um ákvörðun á síðasta fundi stjórnar þar sem ákveðið var að hrinta verkefninu af stað. Í vinnunni leggur stjórn áherslu á að kortleggja þann mannauð sem til staðar er í garðinum í dag og í framhaldinu að móta stefnu um verkaskiptingu á milli svæða. Þá er mikilvægt í vinnunni að horfa bæði til skammstíma og langstíma. Lögð áhersla að stefnumótunarvinnan ætti að grundvallast á sömu hugtökum og stjórnunar- og verndaráætlunin sem eru áherslur á náttúruvernd, auknir útivistarmöguleikar og öflugri byggðaðróun. Stefnt er að leggja drög að stefnunni fyrir vorið og henni ljúki endanlega fyrir áramót. Stjórn felur formanni og varaformanni að vera tengiliðir stjórnar við verkefnið. Stjórn felur framkvæmdastjóra að leggja drög að verkefninu í samvinnu við aðra starfsmenn þjóðgarðsins

## **9. Önnur mál**

- Vinir Vatnajökuls –Vatnajökulspjóðgarður

Þórður sagði frá fundum hans og framkvæmdastjóra Vina Vatnajökuls um frekara samstarf.

- Vatnajökulspjóðgarður inn á nýja yfirlitsskrá (Tentative List) UNESCO

Þórður upplýsti að búið væri að senda tilnefningu á UNESCO að þjóðgarðurinn fari á yfirlitsskrá.

- Kynningarfundir svæðisráða

Kristveig ræddi um fyrirhugaða kynningarfundir. Stjórn fagnar framtaki svæðisráða að halda kynningarfundir og leggur til að á næsta ári verði hugað að því að auglýsa fundi svæðisráða í einu lagi.

- Stækkun þjóðgarðsins

Rósa spurdist fyrir um stækkunarform. Þórði upplýsti um hvernig málum væri háttað og benti á að þau mál séu á forræði umhverfisráðuneytisins. Björn upplýsti um bókun svæðisráðs Austursvæðis.

## **10. Aðkoma þjóðgarðsvarða og svæðisráða að stjórnarfundum**

Kristveig gerði grein fyrir fundi hennar, framkvæmdastjóra og þjóðgarðsvarða. Sagði frá umræðum um meiri tengsl á milli þjóðgaðsvarða og stjórnar. Stjórn hefur fundað með svæðisráðum og þjóðgarðsvörðum einu sinni ári þegar stjórn hefur haldið fundi á viðkomandi svæði. Stjórn stefnir að því að a.m.kk árlega fundi stjórn, framkvæmdastjóri og allir þjóðgarðsverðir saman.

## **11. Næsti stjórnarfundur**

Verður haldinn á Kirkjubæjarklaustri þann 16. mars nk.

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 17:00